



## Stutt yfirlit yfir verkefnið „Gróður með vegum”

### Inngangur og markmið verkefnisins

Í rannsóknarverkefninu „Gróður með vegum” er leitast við að varpa ljósi á notkun gróðurs (trjáa, runna og fjölærra plantna) við ýmiskonar aðstæður með vegum á Íslandi og fá með því skýrari mynd af gróðurnotkuninni og hvað megi læra af henni.

### Lagt var upp með að kanna eftirfarandi:

1. Hlutverk gróðurs með vegum td. ýmist hagrænt gildi ss. Skjólmyndun, snjósöfnun ofl, öryggisgildi og fegurðargildi. Um mismun vegsvæða eftir umhverfi td. þéttbýli og dreifbýli og hvernig taka beri tillit til þess í hönnun og gróðurnotkun. Hönnun og plöntuval með tilliti til viðhalds og kostnaðar. Um eðli þess gróðurs sem nota skal, hvaða kröfur eru gerðar til harðgerðis, útlits ofl, ásamt úttekt á þeim tegundum sem eru í notkun eða mætti nota.

Samfara þessu að gera dæmasafn sem gæfi góða mynd af gróðurnotkun við vegi héraendis og gagnrýni á viðkomandi dæmi um hvað sé vel heppnað og hvað mætti betur fara.

### Eftirfarandi er örstuttur útdráttur úr skýrslu verkefnisins

**Hluti 1** Hlutverk gróðurs með vegum er bæði fagurfræðilegt og hagrænt.

- Öryggisgildi
- Umferðar sálfræðileg gildi
- Sjónfræðileg vegleiðsla
- Hraða og fjarlægðarskynjun
- Skjólmyndun, snjósöfnun og sandbinding
- Hljóðmengun
- Loftmengun.
- Til varnar rofi.
- Fegurðargildi

**Hluti 2** Um mismun vegsvæða eftir umhverfi með tilliti til gróðurs og skipulags.

*Óbyggðir* óbyggðir og náttúruverndarsvæði, og þjóðgarðar utan byggðar.

*Dreifbýli* Stjálbyggð landsvæði ss. venjulegar íslenskar sveitir og náttúruverndarsvæði, þjóðgarðar í byggð. *Jaðarbyggð (Meðalþétt)* Svæði í og við þéttbýli sem eru undir miklum áhrifum frá byggð, ss. úthverfi, vegsvæði milli nágrannasveitarfélaga, gisnir smábæjir. *Þéttbýli* Þar sem byggð er allsráðandi þáttur í umhverfi, ss götur og hraðbrautir í þéttbýli. Hér heyrir einnig undir göngugötur og vistgötur. **Hluti 3** Við hönnun vega og nærumhverfis, þ.m.t. við gerð gróðurbeða og við plöntuval þarf að hafa til hliðsjónar hvaða kröfur eru gerðar til útlits, yfirbragðs og hlutverks vegar, og út frá því hvað er réttlætunlegt að gera ráð fyrir miklum framkvæmda- og viðhaldskostnaði. Óeðlilegt er að hönnun kalli almennt á mikinn viðhaldskostnað og í raun líklegt að slík svæði komi til með að þjóna hlutverki sínu illa vegna ónógs viðhalds.

**Hluti 4** Að varðveita eða að planta nýju. Í mörgum tilfellum, sér í lagi á vegsvæðum í dreifbýli og á meðalþéttbýlum svæðum, er vænlegast að varðveita núverandi gróðurlendi eða gróðurtorfur sem nota má við frágang vegsvæða.

Í þéttbýli er sjaldnar ástæða til að varðveita núverandi gróður nema um sé að ræða verðmæt tré eða verðmæt náttúruleg gróðurlendi.

Náttúruleg gróðurlendi í þéttbýli þurfa að vera varinn eða þolin gegn ágangi manna og innkomu ágengra gróðurtegunda. Dæmi um gróðurlendi sem eru tiltölulega þolin gagnvart innkomu ágengra tegunda eru votlendi, gróskumikil gras- og blómlendi og



skógar. Dæmi um gróðurlendi sem eru viðkvæm fyrir ágengum tegundum eru melar og lítt gróin holt og að einhverju leyti mosagróin hraun. Náttúruleg gróðurlendi hafa þann kost að þurfa nær ekkert viðhald.

**Hluti 5** til að koma gróðri á legg þarf m.a. að taka tillit til eftirfarandi:

Jarðvegsaðstæðna og Jarðvinnslu

Nærveðurs (Lokalklima)

Mengun jarðvegs og andrúmslofts, Saltskaða.

**Hluti 6** Almennt um gæði plöntuefniviðar

Harðgerði með tilliti til veðurfarsaðstæðna

Harðgerði með tilliti til aðstæðna á ræktunarstað

Um hentugleika plantna til viðkomandi notkunnar.

Um gæði plantna og útplöntunarstærð.

Plöntulisti yfir helstu tegundir til notkunar við vegi.

### Framvinda verks

Framkvæmd verkefnisins fór þannig fram; Vorið 2002 var verkefninu markaður rammi út frá faglegum sjónarmiðum landslagsarkitektúrs og garðyrkju.

Heimildasöfnun, í erlendum og íslenskum bókum, verkefnum o.fl. ferðalög og söfnun íslenskra dæma, bæði manngerðra og náttúrulegra úr umhverfi íslenskra vega, dæmi ljósmynduð og gefin umsögn.

Sumar og haust 2002 vargróðurnotkununin skýrð, gagnrýnd og skilgreind út frá faglegum forsendum, íslenskum dæmum og með erlendum samanburði.

Skýrslugerð. haust og vetur 2002-2003.

Kynning á niðurstöðum fyrir vinnufélaga haustið 2002 og fyrir Vegagerðina í mars 2003.

Áætluð framkvæmd 2 hluta verkefnis er þannig að vor og sumar 2003 var markmið verkefnis endurmetið. Söfnun heimilda og dæma haldið áfram. Veturinn 2003-2004 er stefnt að því að fullgera skýrslu með ljósmyndum og teikningum á þann hátt að hana mætti gefa út í einhverju formi sem fræðslurit.

Samson Bjarnar Harðarson  
landslagsarkitekt FÍLA  
Landmótun ehf.